

3. fundur stjórnar foreldrafélags Flataskóla, í mötuneyti Flataskóla fimmtudaginn 23. nóv. kl. 17:30. Mættar Hrönn, Þórleif og Jóhanna.

Efni: Jólaföndur sunnudaginn 26. nóv. nk. kl. 13-15, lokayfirferð

1. Ásgerður, getur hún útvegað 2 rafmagnshellur til að steikja laufabrauð á?
Helga Daníelsd. bekkjarfulltrúi í 7. HG ætlaði að ath. hvort hún gæti útvegað 1 stk.
Þórleif getur útvegað tvær.
Hellumál. Ef ekki tekst að útvega fleiri lausar hellur þá verður að fá afnot af heimilisfr.stofunni. Þórleif talar við Sigurveigu skólastjóra um það, sp. hvort hægt sé að fá fleiri potta, og hvort megi skilja þá eftir með feitinni þar sem ekki er hægt að hella niður sjóðheitri feitinni (fengum að skilja pottana eftir þannig í fyrri).
Notast verður svo við gaffla til að veiða laufabrauðið upp úr pottunum.
2. Biðja Maríu formann að tala við krakka í 7. bekk hvort þeir séu tilbúnir til að aðstoða við kaffi- og kökusölu á sunnudaginn. Sp. hvort hægt sé að umbuna þeim með kannski bíómiða?
3. Ákveðið að Þórleif sendi út ítrekun til bekkjarfulltrúa þar sem aðeins 12 af 46 bekkjarfulltrúum hafa tilkynnt að þeir mæti á sunnudaginn.
4. Hrönn keypti 3 laufabrauðsjárn, Þórleif kemur með 2 stykki, svo verður fólk að koma sjálf með laufabrauðsjárn.
5. Magaveski, Þórleif og Hrönn útvega 2-3 stykki, fyrir gjaldkerana á sunnudaginn.
6. Verðhugmyndir:

a) tilbúið laufabrauð 8 stk.	Kr. 700,-
b) óbakað laufabrauð 8 stk	kr. 500,-
c) ½ pakki piparkökur (ca 20 stk)	kr. 300,-
d) heill pakki piparkökur (ca 45 stk)	kr. 500,-
e) jólaföndur í poka 1 stk.	kr. 400,-
f) filtföndur 3 pör,	kr. 300,-
g) spýtujólakarlar 1 stk.	kr. 300,-
h) kaffi / kaka / djús 1 stk.	kr. 50,-

Búið að kaupa það sem þarf, vantar aðallega fólk til aðstoðar !!!

f.h. stjórnar Foreldrafélags Flataskóla,
Þórleif Hjartardóttir